

Pegasus ehf
Síðumúla 29
108 Reykjavík

Reykjavík 2. júlí 2024
UST202406-333/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum og akstri utan vega

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Pegasus ehf, dagsett 27. júní 2024, um leyfi til kvikmyndatöku við Skógafoss og í Reykjanesfólkvangi og til aksturs utan vega í Reykjanesfólkvangi og Stóru Sandvík.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt eru um leyfi til kvikmyndatöku í fjörunni við Kleifarvatn, uppsetningu leikmyndar og að fá að keyra eina bifreið niður í fjöruna til að flytja búnað að tókustað. Við Skógafoss er óskað eftir leyfi til að fljúga dróna yfir ánni framan við fossinn. Flugtími væri um 30 mín og færi dróninn ekki hærra en 100 metra. Í Stóru Sandvík er óskað eftir leyfi til að keyra einn bíl í fjöruni til að flytja búnað. Kort sem sýnir flugleið og þær leiðir sem óskað er eftir að keyra bílinn ásamt staðsetningu bílastæða annara bíla fylgdi með umsókn. Bílaflotinn yrði um 10 fólksbílar/fólksflutningabílar, 1 tækjatrúkkur, 2 tækjasendibílar, 2 aðstöðubílar, eldhús á hjólum og ein klósett kerra á hjólum. Engin takmörkun yrði á umferð á tókustöðum. Mögulega yrðu gangandi vegfarendur sem væru akkurat í ramma beðnir að hinkra á meðan myndavél rúllar ef þeir hefðu tók á því. Tökur færu fram í 2-3 klst á hverjum stað og kæmu um 50 manns að tókunum á hverjum stað. Tökurnar færu fram 2.-4. júlí 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðana sé farið að skilyrðum leyfisins. Akstur utan vega gæti haft áhrif á ásýnd svæðana en séu ummerki um aksturinn fjarlægð um leið og tókum er lokið er hægt að takmarka neikvæð áhrif akstursins. Tökurnar og aksturinn gætu haft áhrif á upplifun gesta en sé farið að skilyrðum leyfisins væri hægt að takmarka þau áhrif að mati Umhverfisstofnunar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Pegasus ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi við Skógafoss, kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs og akstri utan vega við Kleifarvatn og akstri utan vega við Stóru Sandvík sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 2.-4. júlí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað þar sem keyrt verður utan vega um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.

- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- **Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.**
- Til að koma í veg fyrir að verkefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka bifreiðinni að tókustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka leiðina sem sótt er um.
- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir því að keyra utan vega í Reykjanesfólkvangi og Stóru Sandvík.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn

um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Í gjaldskrá Umhverfisstofnunar er heimild til að innheimta aukalega gjald sem nemur kr. **41.600**, eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., vegna umsókna sem berast innan fimm virkra daga frá fyrirhuguðu verkefni sbr. 4. mgr. 29. gr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023. Umsókn umsækjanda barst innan fimm virkra daga frá því fyrirhugað verkefni átti að hefjast. Umhverfisstofnun hefur því bætt þessari upphæð við gjaldið og mun því innheimta samtals **124.800 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Dagbjört Jónsdóttir
sérfræðingur